

Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum

Haldinn 23. september 2016, kl. 12:15 á Reykjavík Nordica hótél

17 mættir frá 11 aðildarsveitarfélögum.

Valur Rafn Halldórsson bauð fundarmenn velkomna og bauð fólki að fá sér veitingar í tilefni af 20 ára afmæli samtakanna. Lagði hann svo fram tillögu um að fundarstjóri yrði Pétur Markan, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps, og að fundarritari yrði Valur Rafn.

Samþykkt samhljóða

1. Skýrsla stjórnar

Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður samtakanna, flutti skýrslu stjórnar fyrir hönd stjórnar. Í henni kom fram að starfsemi samtakanna hafi verið lítil á starfsárinu. Þó voru ákveðin mál rædd er snúa að kynningarefni varðandi orkusparnað, einföldum raforkureikninga og niðurgreiðsla vegna opinberra bygginga. Í lokin nefndi hann einnig hvort tími væri kominn til að leggja samtökin niður og fela Sambandi íslenskra sveitarfélaga að berjast fyrir hagsmunum SSKS. Það lagði hann fram þar sem starfsemi samtakanna hefur verið lítil sem engin á starfsárinu.

Kristinn Jónasson fékk orðið undir þessum lið og lagði áherslu á að fundarmenn gleymi ekki af hverju samtökin voru stofnum og hverju samtökin hafa áorkað sem þrýstihópur. Lagði hann áherslu á að nú þyrftu samtökin að fara yfir sviðið og skoða hvar skóinn kreppir að því það er nóg af verkefnum. Aðrir fundarmenn tóku undir með Kristni.

2. Ársreikningur samtakanna og fjárhagsáætlun

Valur Rafn Halldórsson fór yfir ársreikninga samtakanna fyrir árið 2015 og fjárhagsáætlun 2016. Heildartekjur ársins 2015 voru 750.000 kr. og útgjöld um 90.000 kr. Afkoma ársins var því jákvæð um tæpar 700.000 kr.

Enginn kvað sér hljóðs í umræðum undir þessum lið.

Ársreikningur 2015 borinn upp til atkvæða og var hann samþykktur samhljóða. Fjárhagsáætlun 2016 borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

3. Ákvörðun um árgjald

Valur Rafn Halldórsson, lagði fram að árgjaldið yrði óbreytt eða 30.000 kr. á aðildarsveitarfélag.

Samþykkt samhljóða.

4. Kosning þriggja manna í stjórn og þriggja til vara

Lögð fram eftirfarandi tillaga.

Aðalstjórn:

Ásthildur Sturludóttir, Vesturbyggð

Sandra Brá Jóhannsdóttir, Skaftárhreppur

Pétur Markan, Súðavíkurhreppur

Varastjórn:

Kristín Árnadóttir, Snæfellsbær

Jón Páll Hreinsson, Bolungarvíkurkaupstaður

Ásgeir Magnússon, Mýrdalshreppur

Samþykkt samhljóða.

5. Umræður og ályktanir um orkumál

Lagt var til að ný stjórn myndi sendi frá sér ályktun um niðurgreiðslu vegna húsnæðis í eigu sveitarfélaga og um styrki til að leita að heitu vatni og fjármögnun á eingreiðslum til nýrra hitaveitna þannig að greiðslur komi fyrir og lækki þannig stofnkostnað.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:50.